

37

28. jan.

L Ö G

um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi
við rannsóknir sínar.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Rannsóknarstofu háskólans er heimilt að láta úti og selja hverskonar
bóluefni, blóðvetni og svipuð efni, er hún vinnur sjálf eða útveggar frá öðrum
rannsóknarstofum.

Ráðherra er heimilt að veita Rannsóknarstofu háskólans leyfi til að láta
úti og selja hverskonar lyf gegn þeim sjúkdómum, er hún fæst við rann-
sóknir á.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að veita öðrum rannsóknarstofum, er ríkið eða há-
skólinn rekur, tilsvarendi leyfi til að láta úti og selja lyf og lyfjavörur, er
þær vinna sjálfar, svo og til að láta úti og selja í sambandi við rannsóknir
sínar hverskonar lyf gegn sjúkdómum jurta eða dýra eða til útrýmingar
snikjudýra og óþrifadýra.

3. gr.

Rannsóknarstofur skulu fylgja sömu reglum og lyfsalar um útlát eittraðra
og hættulegra lyfja, til tryggingar því, að hætta stafi ekki af.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíbörg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.